

Ed.

24. Frumvarp til laga

[24. mál]

um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Í stað orðanna „í viðurvist notarii publici eða tveggja vitundarvotta“ í 1. málsg. 15. gr. laganna komi: í viðurvist notarii publici, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanns eða fulltrúa þeirra, löggilts fasteignasala eða tveggja vitundarvotta.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar. Í því frv., sbr. einkum 22. gr., er gert ráð fyrir því, að þinglýsingarskjöl verði staðfest af þeim aðilum, er greinir í 1. gr. frv. þessa, og þykir þá rétt að leggja til, að 15. gr. lög-
takslaganna verði breytt til samræmis við þinglýsingarreglurnar almennu.